

## Álit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur að beiðni utanríkismálanefndar, dags. 6. maí 2011, tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (578. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara á reglugerð nr. 916/2007 um breytingar á viðskiptaskráningarkerfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda, ETS-kerfið. Er 587. mál beintengt 710. máli, sem nefndin hefur nú til efnislegrar meðferðar, en samkvæmt því verður fyrirkomulag ETS-kerfisins verður nú fært í fjórum skrefum nær því kerfi sem loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir að sérstakur kostnaður falli á ríkissjóð vegna þeirra breytingar á ETS-kerfinu sem eru til meðferðar í þessu máli. Ekki er heldur gert ráð fyrir stjórnarsýslulegum afleiðingum þar sem Umhverfisstofnun fer áfram með framkvæmd kerfisins af hálfu Íslands skv. lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndin leggur því til að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Efnisleg umfjöllun um málið fer fram í tengslum við 710. mál um losun gróðurhúsalofttegunda, sem nú er til afgreiðslu í nefndinni.

Kristján Þór Júlíusson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 2011.

Mörður Árnason,  
Ólína Þorvarðardóttir,  
Birgir Ármannsson,  
Björn Valur Gíslason,  
Vigdís Hauksdóttir, með fyrirvara,  
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,  
Skúli Helgason,  
Birgitta Jónsdóttir.